



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning meistaraflokks knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn Knattspyrnudeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning meistaraflokks deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfpórsson



Áritun stjórnar

Stjórn knattspyrnudeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Hilmar Sigurðsson

Magnús Gunnarsson

Jón Sigurðsson

Arni Pétursson

Bergur Sigurjónsson

Ísak Runólfsson

Halldór Eyjólfsson

Elias Kristjánsson

Ólafur Páll Johnsson



Skýrsla stjórnar Knattspyrnudeild Gróttu 2015

Meistaraflokkur kk og kvk

Í stjórn deildarinnar á árinu 2015 störfuðu:

Hilmar S Sigurðsson formaður

Jón Sigurðsson varaformaður

Magnús Gunnarsson gjaldkeri

Bergur Sigurjónsson ritari

Árni Pétursson meðstjórnandi

Ísak Þórður Runólfsson meðstjórnandi

Halldór Eyjólfsson meðstjórnandi og formaður yngri flokka

Elías Kristjánsson meðstjórnandi

Ólafur P Johnson meðstjórnandi

Stjórnin fundaði mánaðarlega og gekk vel að vinna þau verkefni sem voru í gangi á árinu. Sölvi Snær Magnússon kom sterkur inn í að aðstoða stjórnina við ýmis verkefni og tók við af Árna Péturssyni sem óskaði eftir að hætta í stjórninni í september en Árni hélt áfram að vinna mikilvæg störf fyrir klúbbinn.

Meistaraflokkur kk:

Undirbúningstímabil meistaraflokks karla fyrir keppnistímabilið 2015 gekk vel og voru strax miklar væntingar um að liðið ætti möguleika að halda sínu sæti í 1. deildinni. Gróttu var í neðri hluta deildar allt sumarið en þrátt fyrir mikla baráttu þá náði liðið ekki að halda sínu sæti og féll í 2. deildina þar sem liðið endaði í 11. sæti.

Meistaraflokkur kk var skipaður uppöldum Gróttumönnum í bland við aðkomumenn og var álit manna að fleiri ungir Gróttuleikmenn hefðu átt að fá fleiri tækifæri. Á uppskeruhátíð meistaraflokks var Guðmundur Marteinn Hannesson fyrirliði og Árni Freyr Ásgeirsson kjörnir leikmenn ársins og Pétur Theódór Árnason Gróttumaður efnilegastur.

Nýtt og öflugt þjálfarateymi tóku við liðinu eftir tímabilið, þeir Úlfur Blandon og Ásgeir Aron Ásgeirsson. Miklar vonir eru bundnar við þeirra störf og þá sérstaklega að byggja upp nýtt ungt lið og er uppistaðan uppaldir Gróttustrákar. Gunnar Guðmundsson og Kristján Ómar Hauksson hættu störfum og þakkar stjórnin þeim fyrir vel unnin störf.

Meistaraflokkur kvk:

Stofnaður var meistaraflokkur kvk á árinu þar sem nokkrar ungar uppaldar Gróttustúlkur hafa leitt þennan undirbúning. Stofnað var sérstakt kvennaráð meistaraflokks kvk. Í ráðinu sitja Jórunn Þorsteinsdóttir, Karen Magnúsdóttir, Hafdís Guðmundsdóttir, Guðmundur Ari og Guðbjörg Erlendsdóttir. Hinn öflugi seltirningur Guðjón Kristinnsson var ráðinn þjálfari um áramótin. Þeirra bíður erfitt verkefni að telfa fram liði í 1. deild kvenna á næsta tímabili en þetta er frumkvöðlastarf og fyrstu skrefin eru alltaf þung. Seltjarnarnesbær ákvað að styrkja þetta spennandi verkefni með sérstökum styrk á árinu 2016.

Lagður var grunnur að nýrri stefnumótun fyrir knattspyrnudeild Gróttu, svonefnd Gróttuleiðin og þar er lögð áhersla að ungir leikmenn í Gróttu fái tækifæri til þess að sanna sig ungir með meistaraflokki, vaxa og dafna með sínu uppeldisfélagi sem gæti opnað frekari möguleika með landsliðinu eða önnur stærri tækifæri hérlendis eða erlendis.

Helstu tekjurlindir meistaraflokks voru auglýsingaskilti á völlinn. Það var haldið í fyrsta skipti herrakvöld fótboltans með handbolta og það var velheppnað kótiletukvöld haldið með miklum stuðningi Veislunar á nesinu. Jólblað knattspyrnudeildar kom út fimmta árið í röð rétt fyrir jólin og einnig var haldið velheppnað þorrablót Seltirninga í samstarfi við handknattleiksdeild. Samstarfið við Vivaldi Ísland ehf um Vivaldivöllurinn gengur vel. Einnig var endurnýjaður stór styrktarsamningur við verslunina Nettó.

Hagnaður var af rekstri meistaraflokks á árinu 2015 og eigið fé er jákvætt.

Ég vil þakka stjórn knattspyrnudeildar, leikmönnum og þjálfurum félagsins fyrir gott samstarf á árinu. Ég vil þakka sérstaklega þeim stjórnarmönnum er að hætta, þ.e. Jóni, Ísaki, Árna, Bergi og Ólafi fyrir ómetanlegt starf í þágu deildarinnar fyrir öflugt starf, en þetta teymi hefur unnið hörðum höndum að uppbyggingu félagsins á undanförunum árum. Að lokum vil ég þakka starfsmönnum Gróttu og ekki síst bæjarstjórn Seltjarnarnessbæjar og ÍTS fyrir allann stuðninginn á árinu.

Seltjarnarnesi 7. apríl 2016

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Gróttu

Hilmar S. Sigurðsson, formaður



Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlög og styrkir	3	11.338.293	12.671.961
Tekjur af mótum		1.727.010	886.005
Auglýsingatekjur	4	7.111.691	3.985.232
Aðrar tekjur		<u>2.250.000</u>	<u>818.800</u>
		<u>22.426.994</u>	<u>18.361.998</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur		7.776.500	6.781.699
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		4.500.000	4.764.600
Áhöld, tæki og búnaður		1.289.589	1.341.975
Þátttaka og kostnaður vegna móta	5	5.946.646	4.768.789
Rekstur vallarhúss		82.809	115.721
Annar kostnaður	6	<u>2.323.095</u>	<u>1.978.917</u>
		<u>21.918.639</u>	<u>19.751.701</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		508.355	(1.389.703)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		29.230	4.848
Vaxtagjöld		<u>(298)</u>	<u>(1.642)</u>
		<u>28.932</u>	<u>3.206</u>
Hagnaður (tap) fyrir aðrar tekjur og gjöld		537.287	(1.386.497)
Aðrar tekjur og gjöld			
Endurmat leikmanna	7	0	(600.000)
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>537.287</u></u>	<u><u>(1.986.497)</u></u>



Efnahagsreikningur 31/12 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir			
Leikmenn	7	<u>1.000.000</u>	<u>1.000.000</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.000.000</u>	<u>1.000.000</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		3.766.469	2.357.880
Handbært fé		<u>105.010</u>	<u>148.649</u>
Veltufjármunir samtals		<u>3.871.479</u>	<u>2.506.529</u>
Eignir samtals		<u><u>4.871.479</u></u>	<u><u>3.506.529</u></u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Leikmenn		1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé		<u>2.349.166</u>	<u>1.811.879</u>
Eigið fé samtals	8	<u>3.349.166</u>	<u>2.811.879</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>1.522.313</u>	<u>694.650</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.522.313</u>	<u>694.650</u>
Skuldir samtals		<u>1.522.313</u>	<u>694.650</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>4.871.479</u></u>	<u><u>3.506.529</u></u>



Sjóðstreymi 2015

Handbært fé til rekstrar	Skýr.	2015	2014
Hagnaður, (Tap) ársins		537.287	(1.986.497)
Hreint veltufé (til) frá rekstri		<u>537.287</u>	<u>(1.986.497)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(1.408.589)	1.015.146
Skammtímaskuldir		<u>827.663</u>	<u>250.804</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(580.926)	1.265.950
Handbært fé til rekstrar		<u>(43.639)</u>	<u>(720.547)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Leikmenn	7	<u>0</u>	<u>600.000</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>600.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(43.639)	(120.547)
Handbært fé í ársbyrjun		148.649	269.196
Handbært fé í árslok		<u>105.010</u>	<u>148.649</u>



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Knattspyrnudeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, knattspyrnudeildar Gróttu, er ársreikningur meistaraflokks karla, en enginn meistaraflokkur kvenna er hjá Gróttu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2015	2014
Húsaleigustyrkir	4.500.000	4.550.000
Ferðastyrkir	1.917.149	1.670.500
Rekstrarstyrkur	4.060.800	4.049.004
Aðrir styrkir	860.344	2.402.457
	<u>11.338.293</u>	<u>12.671.961</u>

4. Auglýsingatekjur

	2015	2014
Skilti á íþróttavelli	4.464.191	2.904.375
Aðrar auglýsingatekjur	2.647.500	1.080.857
	<u>7.111.691</u>	<u>3.985.232</u>



Skýringar

5. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2015	2014
Ferðakostnaður innanlands	3.349.228	2.550.130
Sjúkrakostnaður	1.273.198	1.143.180
Annar kostnaður vegna leikmanna	1.096.839	1.006.479
Annar kostnaður	227.381	69.000
	<u>5.946.646</u>	<u>4.768.789</u>

6. Annar kostnaður

	2015	2014
Félagaskipti og sala leikmanna	577.128	234.000
Rekstur skrifstofu	356.648	125.500
Kostnaður vegna leikja	1.097.979	1.219.930
Kostnaður vegna búninga	51.642	151.259
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	0	59.280
Skemmtanahald, þorablót	126.673	133.131
Annar kostnaður	113.025	55.817
	<u>2.323.095</u>	<u>1.978.917</u>

7. Leikmenn

Verðmæti leikmanna Knattspyrnudeildar Gróttu nam 1 mkr. í lok ársins. Leikmenn eru eignfærðir samkvæmt mati eins og það er gefið út af Knattspyrnusambandi Íslands í lok ársins. Breyting á mati ársins er færð í gegnum rekstrarreikning en engin breyting varð á árinu 2015.

8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmenn	Samtals
Eigið fé 1/1	<u>1.811.879</u>	<u>1.000.000</u>	<u>2.811.879</u>
Afkoma ársins	<u>537.287</u>		<u>537.287</u>
Eigið fé 31/12	<u>2.349.166</u>	<u>1.000.000</u>	<u>3.349.166</u>